



Johan Rønning

Leiðbeiningar vegna QuickLink
þráðlausar einingar frá Berker



QuickLink-kynning

Helstu eiginleikar



- QuickLink er nýtt þráðlaust hússtjórnarkerfi frá Berker
- Á annarri bylgjulengd (868,3 MHz) en hið gamla og því ekki hægt að samnýta þau
- Kerfið er gagnvirkt og allar 230V einingar eru því bæði sendar og móttakarar
- Færri einingar, hægt er að stilla liðana fyrir mismunandi virkun
- QuickLink notar fyrirliggjandi dósa einingar, þ.e. ljósdeyfa og rofaliða
- Liðar / móttakarar eru bæði stakar einingar í rofa- eða loftadósir, og sem vippur á ljósdeyfa og rofa einingar í dósir
- Ekki eru til töflueiningar í QuickLink, en á næstunni koma nýjar DIN skinnu einingar (easy) sem vinna með QuickLink. Við munum kynna þetta nýja hússtjórnarkerfi og alla þá fölbreyttu möguleika sem opnast við tilkomu þess, mjög fljótlega
- Hægt er að setja sérstaka tvöfalda QuickLink vippu á 1f. ljósdeyfa og rofa og virkar þá vinstri hnappur á ljósdeyfinn/rofann en þann hægri má nota fyrir t.d.senur

QuickLink-kynning

Helstu einingar



Rofi



Ljósdeyfir 2f



Gardínurofi



Fjarstýring



Samskipta
gátt



Hreyfiskynjari



Tímarofi



Ljósdeyfir í
loftadós



Sendir fyrir
þrýstirofa

❖ Fimm þrepa tenging:

▪ 1. Virkja tengingar/stillingar:

Þrýst er á cfg-hnappinn á sendinum í stutta stund. Cfg-ljósið á sendinum og öllum móttökurum á svæðinu kvikna.

2. Sendihnappur valinn:

Á sendinum er þrýst snöggst á valinn hnapp fyrir viðkomandi virkni. Cfg ljósið á sendinum blikkar í eina sekúndu. Sendir og móttökueiningar eru nú í forritunarham.



3. Virkni móttakara valin:

Þrýst er stutt á FCT-hnappinn á viðkomandi móttakara, og endurtekið þar til réttur litakóði fyrir óskakða virkni kemur á FCT-ljósið, sjá litakóða á næstu slæðu.

QuickLink-kynning

Einfalt að forrita

Litakóði fyrir mismunandi virkni móttakara:

	ROFAVIRKNI	LJÓSDEYFAR	GLUGGATJALDASTÝRINGAR
fast LED DISPLAY	VIRKNI	VIRKNI	VIRKNI
	 A/AF	 A/AF, LÝSA/DEYFA	
	 Á	 Á, LÝSA	 KEYFA UPP, STOPP
	 AF	 AF, DEYFA	 KEYFA NIÐUR, STOPP
	 SENA 1	 SENA 1	 SENA 1
	 SENA 2	 SENA 2	 SENA 2
	 TÍMAROFI	 TÍMASTILLING	
	 ÞRÝSTIROFI	 ÞRÝSTIROFAVIRKNI	
	 ÞVINGAÐ, Á		 ÞVINGAÐ, UPP
	 ÞVINGAÐ, AF		 ÞVINGAÐ, NIÐUR
	 HREINSA	 HREINSA	 HREINSA

❖ Fimm þrepa tenging:

▪ 4. Staðfesta aðgerð:

Til að staðfesta virknina er FCT-hnapp á móttakara haldið niðri í >2 sekúndur, eða þar til cfg-ljósið blikkar. Til að stilla fleiri móttakara í sömu aðgerð eru skref 3 og 4 endurtekin á öllum móttökurum sem tilheyra sömu kveikingu. Sendirinn sendir frá sér tengimerkið í 10 mínútur og er hægt að stilla inn eins marga móttakara og þarf innan þeirra tímamarka.

▪ 5. Ljúka forritunarferli:

Þrýst er stuttlega á cfg-hnappinn á sendinum. Cfg ljós á sendinum og öllum móttökurum slokkna.

QuickLink-kynning

Einfalt að forrita

❖ Búa til senur:

- Byrjið á að stilla öll ljós sem eiga að vera með í viðkomandi senu. Kveikt, slökkt eða ljósdeyfir á réttum styrkleika.
- Sama ferli og fyrr er lýst, nema nú er hver móttakri stilltur á senu, FCT ljósið blikkar þá grænt langt, hvítt stutt fyrir Senu 1, eða grænt stutt, hvítt langt fyrir Senu 2.
- Halda forritunarhnapp á sendi inni í >5 sek.
- Aðeins er hægt að stilla hvern móttakara fyrir tvær senur, nema nota gáttina og domovea, eða ETS eða easy forritun, þá bætast 6 senur við á hvern móttakara.

❖ Fjöldi senda pr. móttakara:

- Hver móttakari getur tekið á móti skipunum frá 20 sendum, allar senur eru þar innifaldar

QuickLink-kynning

Einfalt að aftengja

❖ Til að aftengja tengingu sendis og móttakara:

- Sama ferli og lýst er hér á undan, sé móttakri inni á sendihnappi, aftengist hann ef ferlið er endurtekið.

❖ Til að hreinsa allt úr einingu (factory reset):

- Haldið Cfg hnappnum á einingunni inni í >10 sekúndur á þeim einingum sem þú vilt endursetja.
- Cfg LEDan blikkar rauð, slepa bíða þar til LEDan blikkar græn, ýta snögg á Cfg hnappinn
- Allar Quicklink tengingar og aðrar stillingar þurkast út, LEDan blikkar nokkrum sinnum græn, bíða í 15 sek. og eftir það er hægt að byrja frá grunni.

QuickLink-kynning

Einfalt að tengja

❖ Mögnun:

- Uppgefin drægni sendiga er 30 metrar, en það er samt nokkuð breytilegt eftir umhverfi, svo sem veggjafjölda og gerð. Hámarks drægni í óhindraðri sjónlínu er 100 m.
- Nokkrar einingar virka sem magnarar. T.d rofaliði í tengil og allar straumtengdar einingar í dósir
- Mögnun er virkjuð með því að:
 - 1 taka strauminn af einingunni
 - 2 halda Cfg hnappnum inni meðan straumsett er aftur
 - 3 halda í >2 sek., þar til LED ljósið blikkar
 - 4 ekki þarf að tengja sendana við mögnunar eininguna



KNX, easy / QuickLink samtengigátt (MEDIACOPPLER)


- Gáttin virkar sem tengieining milli þráðlausra eininga og annarra gerða hússtjórnarkerfa.
- Sem framlenging á KNX hússtjórnarkerfið.
- Til að forrita QuickLink einingar með ETS, flóknar senur.
- Tenging milli QuickLink og domovea tölvu/síma einingarinnar.
- Tenging milli QuickLink og “easy”.




QuickLink-kynning

Nýir möguleikar í þráðlausum lausnum

- Tenging milli BERKER.NET (QuickLink) og KNX hússtjórnarkerfis





QuickLink-kynning

Uppfyllir nútíma kröfur um símatenginu

- QuickLink tengt við domovea tölvu/síma eininguna

